

# Framtíðarsetur Íslands

## Vegir liggja til allra átta...

# Framtíðarfræði





# Framtíðir

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Hlutverk framtíðarfræða

- Hlutverk framtíðarfræða er að komast að eða uppgötva, kanna og meta, og koma fram með mögulega, líklega og ákjósanlegar birtingarmyndir framtíðar (framtíðir)

- Framtíðarfræðingurinn sækist í að vita, hvað getur eða gæti verið (möguleiki), hvað er líklegt að vera, og hvað ætti að vera (æskilegt)

FRAMTÍÐARSETUR Íslands

# Níu atriði framtíðarfræða

- Skoða (rannsaka) mögulegar framtíðir (birtingaform framtíðar)
- Skoða (rannsaka) líkindi á birtingarformum framtíðar (framtíðir)
- Skoða (rannsaka) ímynd framtíðar. Hvert er eðli, eiginleikar framtíðarinnar? Hverjar eru orsakir og afleiðing hennar?
- Skoða (rannsaka) þekkingar grunn framtíðarfræða

# Níu atriði framtíðarfræða

- Skoða (rannsaka) siðferðis grunn framtíðarfræða
- Túlka fortíðina og átta sig á núverandi stöðu
- Samþætta þekkingu og gildi til að móta samfélagslegar aðgerðir
- Auka lýðræðislega þátttöku í að myndgera og móta framtíðina
- Miðla og vera talsmaður fyrir ákveðni fyrirmynd af framtíðinni

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands


Hvað er bak við ystu sjónarrönd?

# Fólk á virkilega, erfitt að hugsa um framtíðina

- „Bíllinn er aðeins bóla sagði í auglýsingu árið 1903, hesturinn er kominn til að vera“
- "Gítartónlist er á niðurleið“ sagði plötufyrirtækið Decca

  þegar þeir höfnuðu Bítlunum árið 1962.
- "Það er kannski pláss fyrir fimm tölvur á heimsmarkaðnum."

  Thomas Watson, stjórnarformaður IBM, 1943

# Fólk á virkilega, erfitt að hugsa um framtíðina

- "Hlutabréf hafa náð endanlegu hámarki."

  Irving Fisher, prófessor í hagfræði, Yale háskóli, 1929
- "Hver í andskotanum vill heyra leikara tala?"

  HM Warner, Warner-bræður, 1927
- "Þessi "sími" býr yfir of mörgum göllum til að geta í alvöru talist samskiptatæki. Tækið hefur ekkert gildi fyrir okkur."

  Minnisblað hjá Western Union, 1876

FRAMTÍÐARSETUR Íslands

| Aðferðir | Megindlegar | Eigindlegar | Forskrifar | Könnunar |
|---|---|---|---|---|
| Agent Modeling - (Atferlishermun) | | X | | X |
| Causal Layered Analysis - (Greining lagskiptra orsaka) | | X | | X |
| Cross-Impact Analysis - (Tengslagreining) | X | | | X |
| Decision Modeling - (Líkan til ákvarðana) | X | | | X |
| Delphi Techniques - (Delphi) | | X | X | X |
| Econometrics and Statistical Modeling - (Hagmælingar- og tölfræðilíkön) | X | | | X |
| Environmental Scanning - (Umhverfisskimun) | | X | | X |
| Field Anomaly Relaxation - (Mörkun afbrigða) | | X | | X |
| Futures Whee - (Hjól famtíðar) | | X | X | X |
| Genius Forecasting, Vision, and Intuition - (Snjallar spár, sýn og innsæi) | | X | X | X |
| Interactive Scenarios - (Víxlverkandi sviðsmyndir) | | X | X | X |
| Multiple Perspective - (Fjöl-sjónarhorna greining) | | X | X | X |
| Participatory Methods - (Þátttökuaðferðir) | | X | X | |
| Relevance Trees and Morphological Analysis – (Þýðing laga og forma) | | X | X | |
| Analysis – (Hefðbundnar greiningar) | | | | |
| Road Mapping – (Vegvísir) | | X | X | X |
| Scenarios – (Sviðsmyndir) | X | X | X | X |
| Simulation-Gaming – (Hermun og leikir) | | X | | X |
| State of the Future Index – (Framtíðarvísitölur) | X | X | X | X |
| Structural Analysis – (Greining uppbyggingar) | X | X | | X |
| Systems Modeling – (Kerfislíkön) | X | | | X |
| Technological Sequence Analysis – (Greining tæknilota) | | X | X | |
| Text Mining – (Textaleit) | | X | X | X |
| Trend Impact Analysis – (Greining áhrifastrauma) | X | | | X |

# Mont Fleur-sviðsmyndirnar



**Afraksturinn var fjórar sögur um mismunandi samfélagsþróun:**

**Strútur**

De Klerk-stjórnin ríkir áfram, stingur höfðinu í sandinn, horfist ekki í augu við vaxandi ágreining og skarpir pólar myndast milli hvítra og svartra íbúa landsins.

**Lömuð önd**

Langt aðlögunartímabil með veika samsteypustjórn sem reynir að gera öllum til hæfis en fullnægir engum. Aðgerðaleysi og stöðnun.

**Íkarus**

Stjórn svartra, í flóðbylgju eftirvæntinga almennings, reynir að efna öll stóru loforðin en kiknar undan álaginu og landið verður gjaldþrota

**Flamingóar**

Sterk samsteypustjórn stýrir landinu gegnum aðlögunartímabil, bættur fjárhagur og aukið lýðræði styrkir hvort annað og hinir mismunandi samfélagshópar taka flugið saman eins og flokkur flamingóa.

# Upphaf sviðsmynda á Íslandi

- Kynning á Nordica (Hilton) haustið 2005
- Hvað ef herinn færi frá Keflavík?

- ...Eldgos þótti reyndar mun líklegra.



# Upphaf sviðsmynda á Íslandi

- Kynning á Nordica (Hilton) haustið 2005
- ...hvað ef herinn færi frá Keflavík?
- eldgos mun líklegra

Ótrúverðugt



# Það „óhugsanlega“ gerðist

- Herinn fór – og með honum 900 störf

- Getum við séð fyrir óvænta (skyndilega) atburði í samfélaginu?
- ...Alla vega er hægt að undirbúa sig

- Lykilatriði að trúa ekki í blindni á eina framtíð – ...heldur að skilja að hlutirnir geti þróast með margvíslegum öðrum hætti

- Þurfum að tileinka okkur opinn huga til að geta greint möguleika og ógnanir framtíðar




FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Að rýna til framtíðar




Öll þekking okkar byggir á fortíðinni, en allar ákvarðanir sem við tökum snúast um framtíðina.

**Við sköpum framtíð okkar með því sem við GERUM eða GERUM EKKI í dag.**

Þar gagnast sviðsmyndir best – til að skilja hvernig framtíðin lítur út áður en þurfum að bregðast við.







FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Að spá um óvænta hluti – Taktu eftir fílnum



Svarti svanurinn:

- miklar breytingar sem erfitt er að sjá fyrir um.

Fílinn í herberginu:

- þú sérð hann, en þú virðir hann ekki viðlits.

Svarti fílinn?

- Óvæntur viðburður sem þú þekkir frá fyrri tíð......
sem þú auðveldlega hefðir getað séð fyrir.

# Breytingar

Í lífinu, eiga sumir viðburðir ekki  koma á óvart.

Til að sjá svarta fíla þá þarft að gera þrjá hluti.

- Að vita hvernig á að leita að þeim til að byrja með.
- Að vita hvar eigi að leita.
- Og að síðustu, þú þarft að vilja sjá þá.

**Þannig að þú verðir ekki undir í baráttunni.**

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Hefur þú uppfært sjálfan þig?



FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Framtíðin

- Geymist ekki
- Þarf að vera í sífelldri skoðun
- Það er ekki hægt að fresta henni eða skila
- Er alltaf ný
- Gefur enga afslætti, er eins og hún er
- Ilmar af tækifærum
- Hefur að geyma ógn ef hún er misskilinn eða láta eiga sig

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Sviðsmyndir




**...þegar fortíðin mun líklega ekki endurspegla framtíðina**

# Meginstraumar samfélagsins – Samfélagaráskoranir







FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Gildi samfélagsins breytast



# Hvað eru drifkraftar?



# Áhrifavaldar

Óvissuþáttur-þróun

Drifkraftar ⟷ Drifkraftar

Óvissuþáttur-þróun

Drifkraftar ⟷ Drifkraftar

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Huga ber að.....

- Hröðun tæknibreytinga
- Hröðun viðhorfs og lífstengdum breytingum
- Breytt siðferðismat
- Stórstígum breytingum í tengslum við snjalllausnir og gervigreind
- Umbreytingar á vinnumarkaði
- Breytt viðmið á vinnustöðum
- Óvæntum samkeppniaðilum
- Breyttar kröfur um þekkingu og menntun

FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# .....fyrir tíu árum, þekktum við ekki

- Twitter, Facebook, Youtube, Instagram, Snapchat, Facetime, LinkedIn, Lyft og Whatsapp og tilkomu stórfyrirtækja og þjónustugátta eins og Uber, Airbnb, Tinder, Fitbit, Netflix, Spotify, Dropbox, Quora, Tumblr, Kickstarter, Hulu, Pinterest, Buzzfeed, Indigogo og Udacity. Fyrir tíu árum ræddu fáir um samfjármögnun (e. crowdfunding), deilihagkerfi, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja eða samfélagslega nýsköpun.

# Hvað þarf atvinnugrein í byltingakenndu umhverfi?



FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

# Framtíðaráskoranir

*„Í vestrænum heimi verður hægt að rækta útlimi í náinni framtíð. Með óbreytt viðskiptalíkan þá þýðir það endalok starfseminnar. En okkar þekking liggur hins vegar ekki síður í að greina gönguferla og vinna að endurhæfingu, þar gætum við verið í forystu þegar fram líða stundir. Í báðum tilfellum er þessi hugmyndavinna drifkraftur í vöruþróuninni fyrir næstu kynslóðir vara.“*



# Þróun gervigreindar
## Siðferðileg viðmið og gildi

Fyrir hluta árs 2017 stóð Future of Life Institute, að ráðstefnu á sviði gervigreindar í Asilomar í Bandaríkjunum. Einn afrakstur þessarar ráðstefnu var 23 reglur eða viðmið sem lagt er til að haft verði í huga við frekari þróun gervigreindar. Þessi viðmið og gildi eru birt hér í tengslum við viðtalið við Kristinn Rúnar Þórisson og hið öfluga starf Vitvélastofnunar Íslands og Gervigreindarseturs Háskólans í Reykjavík.

Gervigreind hefur þegar séð okkur fyrir gagnlegum verkfærum sem fólk um allan heim notar á hverjum degi. Áframhaldandi þróun hennar, með eftirfarandi grunnreglur að leiðarljósi, mun skapa ótrúleg tækifæri til að hjálpa og efla fólk á komandi áratugum og öldum.

23 reglur eða viðmið til að huga að við þróun gervigreindar

### Rannsóknaratriði

**1) Rannsóknarmarkmið:** Markmið rannsókna á gervigreind ætti ekki að vera að búa til stefnulausa greind, heldur gagnlega greind.

**2) Fjármögnun rannsókna:** Fjárfestingum í gervigreind ætti að fylgja fjármögnun á rannsóknum til að tryggja gagnlega notkun hennar, sem felur meðal annars í sér erfiðar spurningar á sviði tölvunarfræði, hagfræði, lögfræði, siðfræði og félagslegra vísinda, eins og:

- *Hvernig gerum við gervigreindarkerfi í framtíðinni nógu harðger, svo þau geri það sem við viljum án þess að bila eða að brotist sé inn í þau („hökkuð").*
- *Hvernig getum við aukið hagsæld okkar með sjálfvirkni og tryggt um leið að fólk hafi tilföng og tilgang?*
- *Hvernig getum við uppfært réttarkerfi okkar til að vera sanngjarnara og skilvirkara, til að halda í við gervigreind, og hafa stjórn á þeim hættum sem tengjast gervigreind?*
- *Hvaða gildi ætti gervigreind að miðast við, og hvaða lagalegu og siðferðilegu stöðu ætti hún að hafa?*

**3) Tengsl vísinda og stefnumótunar:** Það ættu að vera uppbyggileg og heilbrigð samskipti milli þeirra sem rannsaka gervigreind og stefnumótunaraðila.

**4) Rannsóknarmenning:** Stuðla ætti að menningu samstarfs, trausts og gagnsæis meðal þeirra sem rannsaka og þróa gervigreind.

**5) Að forðast gervigreindarkapphlaup:** Hópar sem þróa gervigreindarkerfi ættu að ástunda virkt samstarf til að forðast það að slá af kröfum um öryggisstaðla.

### Siðareglur og gildi

**6) Öryggi:** Gervigreindarkerfi ættu að vera hættulaus og örugg á öllum rekstrartíma sínum, og það með sannreynanlegum hætti þar sem við á og það er mögulegt.

**7) Gagnsæi gagnvart misbrestum:** Ef gervigreindarkerfi veldur skaða á að vera mögulegt að finna ástæðu þess.

**8) Gagnsæi gagnvart dómsvaldi:** Öll þátttaka sjálfvirkra kerfa í ákvarðanatöku dómsvalds ætti að veita fullnægjandi skýringu sem til þess bært mannlegt yfirvald getur endurskoðað.

**9) Ábyrgð:** Hönnuðir og smiðir þróaðra gervigreindarkerfa eiga hagsmuni í siðferðilegum afleiðingum notkunar, misnotkunar og aðgerða þeirra, og bera ábyrgð á og hafa tækifæri til að móta þessar afleiðingar.

**10) Samræming gilda:** Gervigreindarkerfi með mikilli sjálfvirkni ættu að vera hönnuð þannig að hægt sé að tryggja að markmið þeirra og hegðun sé í samræmi við mannleg gildi á öllum rekstrartíma þeirra.

**11) Mannleg gildi:** Gervigreindarkerfi ættu að vera hönnuð og rekin þannig að þau séu samrýmanleg við hugsjónir um mannlega reisn, réttindi, frelsi og menningarlegan fjölbreytileika.

**12) Persónuvernd:** Fólk ætti að hafa rétt á aðgangi að og stjórn á þeim gögnum sem það býr til, að gefinni getu gervigreindarkerfa til að greina og nýta þau gögn.

**13) Frelsi og einkalíf:** Notkun gervigreindar á persónulegum gögnum má ekki skerða raunverulegt eða skynjað frelsi fólks með ósanngjörnum hætti.

**14) Samnýtt gagnsemi:** Gervigreindartækni ætti að gagnast og valdefla eins margt fólk og mögulegt er.

**15) Sameiginleg hagsæld:** Þeirri hagsæld sem gervigreind skapar ætti að deila sem víðast, mannkyni öllu til gagns.

**16) Mannleg stjórn:** Menn ættu að ákveða hvernig og hvort gervigreindarkerfi eigi að taka ákvarðanir til að ná markmiðum sem menn hafa ákveðið.

**17) Bann gegn niðurrifi:** Það vald sem stjórn á mjög þróuðum gervigreindarkerfum veitir ætti að virða og bæta, frekar en að rífa niður, þau félagslegu og borgaralegu ferli sem heill samfélagsins byggir á.

**18) Gervigreindarvopnakapphlaup:** Forðast ætti vopna-kapphlaup í banvænum sjálfvirkum vopnum.

### Langtímaatriði

**19) Getuviðvörun:** Þar sem skiptar skoðanir eru á því ættum við að forðast miklar ályktanir varðandi efri mörk gervigreindargetu í framtíðinni.

**20) Mikilvægi:** Þróuð gervigreind gæti valdið straumhvörfum í sögu lífs á jörðinni, og ætti að gera ráð fyrir því og stjórna með viðeigandi aðgát og úrræðum.

**21) Hættur:** Ógnir sem stafa af gervigreindarkerfum, sérstaklega ef um miklar eða tilvistarlegar ógnir er að ræða, skulu lúta skipulagningu og mildunarúrræðum í samræmi við áætluð áhrif.

**22) Endurkvæm sjálfbæting:** Gervigreindarkerfi sem hönnuð eru til að bæta sig sjálf með endurkvæmum hætti eða gera endurgerðir af sjálfum sér með hætti sem gæti leitt til ört vaxandi gæða eða fjölda skulu vera háð ströngum öryggis- og stjórnunarúrræðum.

**23) Almannaheill:** Ofurgreind ætti aðeins að þróa til þess að þjóna siðferðilegum hugsjónum sem margir deila, mannkyni öllu til gagns, frekar en einu ríki eða samtökum.




FRAMTÍÐARSETUR
Íslands

*Hættum að velta okkur upp úr fortíðinni*

**Horfum til framtíðar - og byrjum strax að móta hana!**




FRAMTÍÐARSETUR
Íslands